

Reykjavík 5. nóvember 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Frá Framtíðarlandinu – félagi áhugafólks um framtíð Íslands

Efni: Umsögn vegna máls 244 um þingsályktunartillögu „Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun).“

Framtíðarlandið leggur til að þingmenn íhugi vel þær afleiðingar að opna fyrir þær breytingar á Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlun) sem eru boðaðar í þessari þingsályktun. Bæði eru í húfi afar verðmæt náttúrusvæði í stærstu á landsins og sú sátt sem átti að ná með Rammaáætlun.

Í Þjórsá lifir stór villtur laxastofn og þar finnast allar tegundir ferskvatnasfiska sem lifa á Íslandi. Árleg laxveiði í Þjórsá er síðustu árin eru 7000-9000 laxar. Einnig gengur lax upp í þverár Þjórsár s.s. Kálfá í Gnúpverjahreppi. Lifríki Þjórsár er því einstakt en virkjanir stefna því í voða. Virkjanir og stíflur valda röskun á vatnafari, búsvæði og göngur laxfiska og eru afdrifarík fyrir fiskgegngd í ám ekki síst í ám með sjógöngustofna. Virkjanir í Þjórsá yllu því að árfarvegurinn færi á löngum köflum undir lón en annarsstaðar minnkar vatnsrennslið verulega, kvíslar yrðu stíflaðar og breytingar gerðar á farveginum.

Virkjanir í Þjórsá munu stefna náttúrufegurð í voða og rjúfa þá friðsæld sem ríkir við ána. Hér er um að ræða framkvæmdir sem eru á einu öflugasta landbúnaðarsvæði Íslands og í nánasta umhverfi manna. Þrengt verður að landbúnaðarlandi, með lónum vegumog öðrum framkvæmdum sem fylgja. Hafa ber í huga að land til matvæaframleiðslu verður æ dýrmætara í heiminum með taumlausri fjölgun mannkyns.

Eins og er virkar Þjórsá sem mjög örugg sauðfjárveikivarnargiriðing á milli Árnes- og Rangárvallasýslu. Með tilkomu virkjana verður ekki svo og yrði því að girða með árbökkum beggja vegna árinna. Slík giriðing yrði lýti á landinu og spillti gönguleið með ánni. Ekkert er vitað um kælandi áhrif jökullóna í byggð. Virkjarnir, lón og önnur mannvirki sem fylgja eru öll á þéttriðnu sprungubelti á Suðurlandi. Flekaskil liggja um Suðurlandsundirlendið og liggja sprungurnar þvert yfir flekaskilin. Sprungubeltinu fylgja jarðskjálftar og sprungusvæðið liggur undir öllum lónunum þremur.

Hvammsvirkjun mun leiða til þess að á löngum köflum verður Þjórsá veitt úr farvegi sínum og eftir stendur grátt og lífvana ör. Meðalrennsli í farveginum minnkar verulega, úr 325m³/sek. niður í lágmark 10-15m³/sek. Við það skapast fokhætta úr þurrum farvegi með tilheyrandi svifryksmengun og rofhættu. Árstíðabundnar sveiflur verða í rennsli árinna og einnig mun þurfa að hleypa vatni í farveginn við ákveðnar aðstæður. Alls ekki er tryggt að mótvægisáðgerðir myndu skila tilætluðum árangri. Þingmenn geta kynnt sér svæðið myndrænt með því að skoða Náttúrukortið á vef Framtíðarlandsins.

<http://www.framtidarlandid.is/is/natturukortid/bidflokkur/hvammsvirkjun>

Grundvöllur Rammaáætlunar um vernd og nýtingu landsvæða er að tryggt sé að landsvæði séu full rannsökuð áður en endanleg ákvörðun er tekin um hvort að svæðið verði verndað eða nýtt. Margir vísindamenn eru ósammála þeirri niðurstöðu verkefnastjórnar rammaáætlunar og faghóps á hennar vegum að rannsóknir á lífkerfi árinna og hugmyndir Landsvirkjunar um mótvægisáðgerðir séu nægjanlegar til þess að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk. Hugmyndin um að setja Hvammsvirkjun í nýtingarflokk rammaáætlunar ætti því að frestast í ljósi þess að vísindamenn eru ósammála um þörfina á frekari rannsóknum á áhrifum virkjunarinnar á lífkerfi árinna og næsta umhverfi. Það er einnig ljóst að pólitískar breytingar á niðurstöðum Rammaáætlunar eins og þessi þingsályktun kallar eftir er ekki fallin til þess að skapa sátt um verndun og nýtingu náttúrusvæða eins og rammaáætlun er ætlað. Framtíðarlandið leggur því til að þingsályktunartillögunni verði hafnað.